

**Mál nr. 192/2011****M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Umferðarslys 21.05. 2009 á Hringbraut, ágreiningur er um hvort fella eigi niður bótarétt ökumanns bifhjóls vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns þess.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.05. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið í veg fyrir bifhjól sem ekið var um Hringbrautina sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félagið telur að ökumaður bifhjólsins, sem lést í slysinu, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins sbr. m.a. fyrirliggjandi skýrslu prófessors því til stuðnings. Umræddur prófessor reiknaði út á hve miklum hraða bifhjólinu var ekið í aðdraganda slyssins. Niðurstaða hans sé sú að ætlaður ökuhraði hafi verið 115 km/klst., en mögulegur lágmarkshraði 108 km/klst. og mögulegur hámarkshraði 124 km/klst. sbr. nánar gögn málsins. Félagið vísar og til frásagna vitna sem óþarft er að gera grein fyrir í þessari umfjöllun.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit**

Mál þetta snýr að ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er fallist á þá afstöðu vátryggingafélagsins að rétt sé að hafna bótaskyldu með vísan til þess að ökumaður bifhjólsins hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjólsins í aðdraganda slyssins sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að bifhjólinu hafi verið ekið langt umfram leyfilegan hámarkshraða og að rekja megi árekstur ökutækjanna til þessa.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. júní 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.